

Tillaga til 477. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 3. júní 2021

Tillaga frá 1155. fundi bæjarráðs, sem fram fór 31. maí 2021, og tillaga frá 222. fundi hafnarstjórnar, sem fram fór 1. júní 2021, um að bæjarstjórn samþykki afgreiðslu máls um áform Artic Fish og Arnarlax um byggingu sláturhúss á Flateyri í samræmi við minnisblað Birgis Gunnarssonar, bæjarstjóra, dags. 28. maí 2021.

Bókun á 1155. fundi bæjarráðs, 31. maí 2021

1. Áform Artic Fish og Arnarlax um byggingu sláturhúss - 2020090004

Lögð fram til kynningar drög að minnisblaði Birgis Gunnarssonar, bæjarstjóra dags. 28. maí 2021, vegna fyrirspurnar Arctic Fish, vegna mögulegra áforma fyrirtækisins um uppbyggingu á Flateyri.

Bæjarráð leggur til við hafnarstjórn að taka afstöðu til liða sem snúa að hafnarmálum og vísar öðrum liðum málsins til bæjarstjórnar til afgreiðslu.

Bókun á 222. fundi hafnarstjórnar, 1. júní 2021

1. Áform Artic Fish og Arnarlax um byggingu sláturhúss - 2020090004

Lagt fram minnisblað Birgis Gunnarssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, dags. 28. maí 2021, vegna mögulegra áforma Arctic Fish og Arnarlax um uppbyggingu á Flateyri.

Í minnisblaðinu er óskað eftir afstöðu hafnarstjórnar varðandi þá málaflokka sem eru á forræði nefndarinnar.

Hafnarstjórn gerir ekki athugasemdir við framsetningu málsins í minnisblaði bæjarstjóra og leggur til við bæjarstjórn að afgreiða málið á grundvelli minnisblaðs.